

# Disulfiram

## Fælnimeðferð gegn áfengisdrykkju

Disulfiram, öðru nafni Antabus, er lyf sem er notað í stuðningsmeðferð fyrir fólk með áfengisvandamál sem vill hætta allri neyslu áfengis. Neysla áfengis ofan í lyfið veldur vanlíðan og það hefur þannig fælniverkun á áfengisdrykkju.

### Verkun Disulfiram

Disulfiram hefur áhrif á útskilnað áfengis úr líkamanum þannig að áfengisneysla veldur mikilli vanlíðan. Sé áfengi drukkið þegar lyfið er til staðar í líkamanum safnast upp niðurbrotsefni, sem kallast acetaldehyde. Acetaldehyde er eitruð og veldur heiftarlegum og óþægilegum einkennum: Höfuðverk, andlitsroða, hröðum þúsi og öndun, hjartsláttarónotum, ógleði, uppköstum, fölvu, lágum blóðþrýstingi, svima og í alvarlegum tilfellum yfirliði. Einkenni geta einstaka sinnum verið hættuleg, sérstaklega fyrir fólk með hjartasjúkdóm.

Hvorki má nota eða drekka áfengi meðan á disulfiram meðferð stendur né í 14 daga eftir að henni er hætt. Athugið að matvara, lyf og snyrtivörur sem innihalda lítið magn áfengis geta kallað fram óþægileg áhrif.

### Ekki nota disulfiram ef þú ert með:

- Ofnæmi fyrir lyfinu
- Of háan blóðþrýsting
- Alvarlegan hjartasjúkdóm
- Alvarlega geðsjúkdóma
- Heilaæðasjúkdóm eða hefur fengið heilablóðfall

### Leitaðu ráða hjá lækni eða meðferðaraðila ef þú ert:

- Með barn á brjósti
- Með nýrnasjúkdóm
- Með flogaveiki
- Barnshafandi eða ráðgerir þungun
- Með lifrarsjúkdóm
- Með skjaldkirtilssjúkdóm
- Með geðsjúkdóm eða hefur verið það
- Með lungnasjúkdóm
- Að nota önnur lyf
- Með sykursýki

### Hefur disulfiram einhverjar aukaverkanir?

Almennt þolist disulfiram vel en eins og öll lyf getur það haft aukaverkanir, svo sem þreytu, ógleði, magaverk og höfuðverk. Ráðlagt er að drekka vel af vökva og gæta að tannhirðu til að losna við andremmu og málmbragð sem geta komið fram í munni. Breytingar á geðslagi geta einnig komið fram til dæmis þunglyndi eða oflæti. Þær geta stundum þróast yfir í að verða alvarlegar og er þá ráðlagt að ræða um það við heilbrigðisstarfsmann.

**Disulfiram getur í einstaka tilfellum valdið alvarlegum lifrarskemmdum og er mikilvægt að láta heilbrigðisstarfsmann strax vita ef þú finnur fyrir einhverju af eftirtöldu:**

- Lystarleysi, þreytu, lasleika, uppköstum, hita, kláða, gulu, dökklitað þvag eða ljósar hægðir.
- Mikilvægt er að mæta í blóðprufur og annað eftirlit sem þér er ráðlagt til þess að draga úr líkum á alvarlegum aukaverkunum. Ráðlagðar eru blóðprufur hálf mánaðarlega fyrstu 3 mánuðina og eftir það þriðja til sjötta hvern mánuð.

**Í neyðartilfellum er hringt í 112**